


Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júní 2013  
Tilvísun: UST20130400132/ksj

## Áætlun um siglingar á Fjallsárlóni

Vísað er til erindis yfirmanns umhverfis og skipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 23. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn og leiðbeiningum um það, á hvern hátt best verður staðið að siglingum fyrir ferðamenn á Fjallsárlóni á Breiðamerkursandi. Félagið Fjallsárlón hefur óskað eftir því við Sveitarfélagið Hornafjörð að fá að hefja siglingar með ferðamenn á lóninu ásamt tengdri starfsemi.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið þar sem Fjallsárlón er staðsett er á náttúruminjaskrá, nr. 635, *Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystrihvammur*. Í 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 kemur eftirfarandi fram. „*Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.*“ Par af leiðandi skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar ef áætlað er að fara í framkvæmdir á ofangreindu svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint svæði er ekki friðlýst.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir séu áætlaðar í samræmi við 35. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.*“

Að mati stofnunarinnar skal huga strax að því að mannvirkjagerð verði afturkræf og þeim fylgi eins lítið rask og kostur er.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur